

Umboðsmaður barna
Margrét María Sigurðardóttir
Laugavegi 13, 101 Reykjavík.
Símbref: 552 8966. Netfang: ub@barn.is

Afrit: Barnaverndarstofa, Símbref 530 2601.
Barnavernd Reykjavíkur, Netfang: halldora.drofn.gunnarsdottir@reykjavik.is
Umboðsmaður Alþingis. Fax: 510 6701. Netfang: postur@umb.althingi.is
Ríkislögreglustjórnin. Fax: 444 2501. Netfang: haraldur.johannessen@rls.is

Reykjavík, 5. janúar 2009.

Þátttaka barna í pólitískum fundum og mótmælum

Laugardaginn 3 janúar var 8 ára barni stillt upp sem frummælenda frammi fyrir þúsundum manns á pólitískum mótmæla fundi á Austurvelli. Barnið flutti þarna ræðu sem hún sagði aðspurð í fréttum RÚV hafa samið með „smáaðstoð“ frá þabba sínum.

Undirritaður telur að hér hafi öryggi barnsins og framtíð þess verið stefnt í hættu. Framan við ræðupall 8 ára stúlubarnsins kom til harðar orrahríðar milli skipuleggjanda mótmælendanna og grímuklæddra mótmælenda. Nokkrum dögum áður leystust upp mótmæli við sama Austurvöll í ofbeldi sem fleiri manns lágu slasaðir eftir. Múrstein var kastað í lögreglumann og í sömu vikunni járnlóðum inn um rúðu hjá mótmælenda.

Sálarheill barnsins er einnig stefnt í voða. Sumir mótmælenda segjast hylja andlit sín til að koma í veg fyrir einelti gegn sér í kjölfar mótmælanna. Hætt er við að börn eins og 8 ára stúlkunni sem teflt er fram í framvarðasveit mótmæla geti orðið fyrir einelti í skóla.

Ekkert óharðnað barn á erindi á ræðupall harðra mótmælenda. Það er skylda bæði foreldra og yfirvalda að vernda börn frá að vera misnotuð á pólitískum vettvangi.

Þátttaka í pólitísku starfi og mótmælum er háð þeim annmörkum að um hana myndast fylkingar skoðanabræðra. Flestir í framvarðasveit kynnast andófi, t.d. hefur undirritaður uppskorið fjölda uppnafna eftir mótmæli, m.a. kallaður „þorpsfífl“ og þaðan af verra áður en mótmæli og andóf gegn spillingu innan stjórnerkisins komst í tísku á Íslandi.

Líklegt er að slíkt pólitískt starf barna myndi fljótlega leiða til pólitískra skoðanaskipta í grunnskólum og umbylta uppeldisstofnunum okkar í barnslegan vígvöll mótmæla. Þannig myndum við feta í fótspor stríðhrjáðra þjóða eins og t.d. Sierra Leone, Nepal og fleiri sem hefur orðið til sérstakra aðgerða til verndar börnum. Hér má finna nánari upplýsingar: <http://www.crin.org/resources/infoDetail.asp?ID=11926&flag=report>

Í grein sem ég skrifaði á bloggsíðu vefsins **forsetakosningar.is** spurði ég hvar stöðvar barnaþulan? Á litla 8 ára Dimmblá að mæta í næstu mótmæli, t.d. eins og þau sem fóru fram á Hótel Borg á gamlársdag þar sem mótmælendum lenti saman með lögreglunni? Á litla Dimmblá að taka þátt í borgaralegri óhlýðni mótmælenda? Á litla Dimmblá að mæta á þingpalla og hylja þar andlit sitt? Á litla Dimmblá að taka þátt í kommúnískri uppreisn? Hvar á að stöðva barnið?

Greinin vakti deilur og sitt sýnist hverjum. Þessvegna er nauðsynlegt að Umboðsmaður barna og aðrar stofnanir er málið varðar gefi út leiðbeinandi álit um þátttöku barna í pólitísku starfi og mótmælum á Íslandi.

Óskað er að svar berist fyrir næstu laugardagsmótmæli svo hægt sé að birta á vefnum.

Virðingarfyllst,



Ástþór Magnússon Wium – thor@peace2000.org Sími: 4962002



Peace 2000 Institute
Vogasel 1
109 Reykjavík
ICELAND
Tel: +354 5571000
Fax: +1 801 740 3532

Email:
info@peace2000.org
website:
www.peace2000.org

UNITED KINGDOM:
Peace 2000 UK
Lloyds Building
12 Leadenhall Street
London EC3V 1LP
United Kingdom
Tel: +44 207 100 8638

USA:
Earthchild
3914 Seaton Place
Las Vegas
NV 89121
Tel: +1 702 520 9990

Certification Services:
www.peacetrust.net

Founded 1995 by
more than 100 member
organisations world-wide
Constituted in Iceland
No. 540795-2669



FLYING THE WORLD FOR PEACE 

The Peace 2000 Alliance is a network of independent representatives supporting the global work of Peace 2000.
International Secretariat: Peace 2000 Institute - 121 Reykjavík - ICELAND.